

**REG 2 Smáralind
Fagfjárfestasjóður**

Árshlutareikningur 30. júní 2014

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra


Árshlutareikningur sjóðsins REG 2 Smáralind er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2014

Í stjórn félagsins:


Kundur Þrudalþóttur
Jóhanna S. Úlfsson
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Lrara Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:


Páll Handósson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í REG 2 Smáralind

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning REG 2 Smáralind fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2014. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2014 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 28. ágúst 2014



Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2014	01.01. - 30.06. 2013
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		279	392
Vaxtagjöld og verðbætur		(274)	(387)
Hreinar fjármunatekjur		<u>5</u>	<u>5</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	6	<u>5</u>	<u>5</u>
		<u>5</u>	<u>5</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

	Skýr.	30.06. 2014	31.12. 2013
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	9.007	9.065
Fjárfestingar samtals	13	<u>9.007</u>	<u>9.065</u>
Aðrar eignir	9	2	3
Handbært fé	8	0	3
Aðrar eignir samtals		<u>2</u>	<u>6</u>
Eignir samtals		<u><u>9.009</u></u>	<u><u>9.071</u></u>
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	11	1	1
Útgefin skuldabréf	12	9.005	9.063
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		3	7
Aðrar skuldir samtals		<u>9.008</u>	<u>9.070</u>
Skuldir samtals		<u><u>9.009</u></u>	<u><u>9.071</u></u>
Hlutdeildarskírteini		0,74	0,69
Fjöldi eininga (í millj.)		0,60	0,60
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	11	<u>1,24</u>	<u>1,16</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign

1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2014	01.01. - 30.06. 2013
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini		0	0
		0	0
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1	1
Hlutdeildarskírteini í lok tímabils	11	1	1

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2014

	Markaðs- verð	Eign 30.06.2014 %	Eign 31.12.2013 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við Eignarhaldsfélagið						
Smáralind ehf.	9.007	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé	0	0	0	0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	9.007	100	100	0		

Skýringar

Reikningskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn REG 2 Smáralind var stofnaður 17. desember 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánessamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningskila

Árshlutareikningur REG 2 Smáralind er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningurinn er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2014. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,1% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánssamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánssamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánssamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

9. Aðrar eignir

Til annarra eigna telst mismunar sem myndast þegar skuldir eru umfram verðmat eigna sjóðsins.

Skýringar, frh.:

10. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

11. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun fyrir sjóðinn REG 2 Smáralind miðað við 30. júní 2014 er:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði	2,95%
Síðustu 6 mánuði	6,23%
Síðustu 12 mánuði	12,27%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti	Gengi
30. júní 2014	1	1,24
31. desember 2013	1	1,16
31. desember 2012	1	1,01

12. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn REG 2 Smáralind gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggt lán	9.005
----------------------	-------

Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í júnílok 2014 greinast þannig:

Til greiðslu 2014	173
Til greiðslu 2015	315
Til greiðslu 2016	315
Til greiðslu 2017	315
Til greiðslu 2018	315
Til greiðslu síðar	7.572
	<u>9.005</u>

13. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	9.007	100	9.007	100
	<u>9.007</u>	<u>100</u>	<u>9.007</u>	<u>100</u>